



Nefndarsvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 13.11.2023

EFNI: Umsögn frá Myndstef um frumvarp til laga um brottfall laga um heiðurslaun listamanna

Myndstef, Myndhöfundasjóður Íslands, mótmælir því að lög um heiðurslaun listamanna nr. 66/2012 verði felld niður, sbr. frumvarp til laga um brottfall laga um heiðurslaun listamanna, nr. 66/2012, sbr. þingskjal 50 á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

Í frumvarpinu segir: „*Heiðurslaun listamanna virðast því ekki bera neinn samfélagslegan ávinning, enda er það ekki markmið laganna. Eðlilegt verður að teiða að samfélagslegur ávinningur sé forsenda fyrir jafnréttum hins opinbera til þróttu, lista og menningar almennu.*“ Myndstef telur alrangt að heiðurslaun listamanna beri ekki samfélagslegan ávinning og telur að íslenskt listafólk hafi skilað samfélaginu gríðarlegum ávinningi með framlagi sínu til lista- og menningararfs þjóðarinnar, bæði fyrir og eftir að hafa hlotið heiðurslaun.

Að mati Myndstefs mætti þó taka til skoðunar að endurskoða lög um heiðurslaun listamanna í faglegu ferli. Mætti í því skyni t.d. líta til sjónarmiða um markmið og tilgang heiðurslauna og e.t.v. mætti endurskoða hvort heiðurslaun ætti aðeins að úthluta að lokinni hefðbundinni starfsævi, eða jafnvel til ákveðins tíma. Jafnframt vill Myndstef nota tækifærið og minna á mikilvægi þess að gætt sé jafnræðis milli mismunandi listgreina við úthlutun heiðurslauna.

Komi til endurskoðunar laga um heiðurslaun listamanna mætti einnig líta til þess hvort jafnvel ætti að fjölga heiðurslaunum og að þau væru í hlutfalli við fjölgun landsmanna. Þá má nefna að í sumum löndum tíðkast að útnefna einstaklinga sem skara fram úr í listum heiðurstitlinum „þjóðargarsemi“ og er þeim þannig veitt bæði föst laun til æviloka og virðulegur titill að bera.

Virðingarfyllt f.h. Myndstefs,

Vera Sveinbjörnsdóttir
framkvæmdastjóri Myndstefs